

Sveinfósturvelgja

Andrea Dworkin (1946-2005) var einn meginhugsuða kvenfrelsunarhreyfingarinnar. Hún skrifaði: „Sonur sérhverrar konu í feðraveldinu situr hugsanlega á svikráðum við móður sína. Hann er óhjákvæmilega nauðgari eða kúgari annarra kvenna.“

Umræða og samfélagsþróun síðustu áratuga bera vott um, að boðskapur hennar hafi haft tilætluð áhrif. Mæður á Vesturlöndum velja kvenfóstur í auknum mæli, þ.e. láta eyða karlfósturvísun. Sumar – eins og ástralski blaðamaðurinn, Polly Dunning – eru þó teknar í bólinu. Afleiðingin er sveinfósturvelgja eða sveinfósturáfallastreituröskun. Hún lýsir því svo:

„Ég ætlaði mér aldrei að eignast son. Mig langaði í dætur, líklega vegna þess, að ég er önnur tveggja dætra og ein sex ömmu- og afadætra, ... Það félli betur að kvenfrelsunar[sannfæringu] minni. Það væri þægilegra.

Ég neyddist til að syrgja það líf, sem ég hélt ég ætti í vændum ... og ég varð að sætta mig við tengsl við son, en það hafði aldrei hvarflað að mér í raun. Að nóttu (þegar svörtu hugsanirnar læðast um) almyrkvaðist hugskot mitt við þá tilhugsun, að eitthvað karllegt yxi og dafnaði innra með mér. Það væri vissulega hægur vandi að ala upp strákr, sem tryggði óbreytt samfélag. En ég neita að sætta mig við það. Ég ætla mér að ala upp kvenfrelsunarstaula eins og faðir hans og afar hafa verið - eða jafnvel enn betri. Hvenær, sem hann snýr sér við, mun ég benda honum á kynfólkskuna í fari hans. Hann mun aldrei sleppa við áminningu. Ég mun sannfæra hann um, að stúlkur séu ekki síðri mannverur en hann [sjálfur] og að kvenvænn varningur og list sé [heldur ekki] síður dýrmæt og ánægjuleg. ...

Hvernig ber ég mig að í feðraveldi við að kenna syni sömu virðingu fyrir mér og dóttir hefði gert, þar sem bestu karlar (og konur þess vegna einnig) sýna rótgróna og tilvikabundna (casual) kynfólksku. ... ég ber þann ugg í brjósti sem móðir hans, að ég muni ekki megna að spyrna við lítillækkun kvenna, sem við augum blasir í veröldinni. ... Hvernig má veita andóf samfélagi, sem hampar honum á kostnað annarra og leiða honum það fyrir sjónir - hvernig farið er með konur og litskinna (people of colour)“? ...

„Við óskum okkur dætra vegna magnaðrar ástar okkar til kvenna. Því munum við kenna sonum okkar að elska og virða konur. Við stuðlum að kvenfrelsun fyrir atbeina sona okkar.“

<https://www.nationalreview.com/2016/12/feminism-raising-boys-polly-dunning-political-ideology-overwrought/>